


74 Bitra

Bitra er breiður grágrýtisfláki sem fer smáhækkandi sunnan frá Helliheiði til norðurs. Landið lækkar nokkuð bratt í stöllum niður í Þverárdal. Vestan Bitru eru Henglafjöll og austan við hana er röð goshryggja úr móbergi og bólstrabergi sem nær frá Hrómundartindi í norðri og suður í Molddalahnúka. Á milli Tjarnarhnúks og Ölkelduhnúks er Ölkelduháls. Ölkelduhálssvæðið sker sig úr fyrir kolsýrulaugarnar sem eru í þyrpingu frá Ölkelduhálsi suður í Reykjadal og í Hverakjálka. Orkuveita Reykjavíkur áformar byggingu nýrrar jarðgufuvirkjunar á Bitru. Áformum var frestað eftir að álit Skipulagsstofnunar um MÁU lá fyrir. Við upphaf matsvinnunnar var talað um þetta svæði allt sem Ölkelduháls og var fyrirhuguð virkjun kennd við hann t.d. í tillögu að matsáætlun. Í þeim áætlunum var gert ráð fyrir að borað yrði við Tjarnarhnúk og náði framkvæmdasvæðið því mun lengra til austurs en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Af umhverfisástæðum var horfið frá því að staðsetja borteiga við Tjarnarhnúk og verður fyrirhugað athafnasvæði því staðsett á norðanverðri Bitru, en ekki á Ölkelduhálsi. Því er virkjunin nú nefnd Bitruvirkjun. Framkvæmdasvæði virkjunarinnar er um 285 ha að stærð og er staðsett í sveitarfélögunum Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 er fyrirhugað framkvæmdasvæði skilgreint sem óbyggt svæði, en einnig sem grannsvæði vatnsverndar. Þá er framkvæmdasvæðið innan svæðis sem skilgreint er á Náttúruminjasrá. Sveitarfélagið Ölfus vinnur að breytingu á aðalskipulagi og er fyrirhuguð Bitruvirkjun í samræmi við tillögu að breyttu aðalskipulagi.





Afl 90 MWe, orkugeta 738 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna A. FH III: Áhrif 37. FH IV: Kostnaðarflokkur 3.

Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna A/B. Hengill Verðmæti /Meðaltal 9,0/8,0. Bitra – Ölkelduháls - Þverárdalur
Áhrifaekunn/Meðaltal 6,1/5,4



Hengill

Sérstakt mikilvægi

Náttúruminjar: Hengilssvæðið.

Tegundir á valista: laugadepla YH, flóajurt YH.

Friðlýstar minjar: Þorlákshafnarsel, Hellurnar ásamt Hellukofanum.

Umsögn faghóps II

FH II: A/A

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Hengill	8,72	18

<i>Staðar- númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
74	Bitra	3	3	3,08	39

Röðun FH I/FH II: 27.

Könnun verkefnisstjórnar: N2, B7, V3.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk: MÁU lokið. Aðalskipulagi frestað.

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk: Mikilvægt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Verndarflokkur

Rökstuðningur: Reykjadalur, Grændalur og Ölkelduháls eru mikilvægt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Virkjunarkostur sem liggur á svæði með hátt verndargildi og útivistargildi nálægt höfuðborginni sem sterk rök styðja að eigi að njóta friðunar og gæti myndað samfellt verndarsvæði sem næði jafnframt yfir Fremstadal, Miðdal og Innstadal. Því þykir rétt að vernd á svæðinu verði látin hafa forgang.